

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 25/1960. **H/f Júpiter og h/f Marz**  
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Elding Trading Company og gagnsök**  
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.**

Skaðabótamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1960 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 60.100.00 með 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júní 1960, gagnáfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. og krafizt sýknu og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur hér fyrir dómi haft uppi sýknukröfu, reista á því, að aðaláfrýjendur séu eigi réttir aðiljar máls þessa, en af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, verður þessari kröfu eigi sinnt.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að aðaláfrýjendur hafi veitt viðtöku aluminiumpulötum þeim, sem í málinu greinir, í október-nóvember 1950. Gegn neitun gagnáfrýjanda er eigi sannað, að aðaláfrýjendur hafi kvartað undan göllum á plötunum fyrr en með bréfi 30. desember 1952. Þar sem þannig lengri tími en eitt ár leið, frá því aðaláfrýjendur fengu plöturnar afhentar, og þar til þeir kvörtuðu, svo sannað sé, og þar sem eigi er í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi tekizt á hendur sérstaka ábyrgð á plötunum, eru kröfur aðaláfrýjenda á hendur honum fyrndar samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922.

Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um sýknu í málinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Elding Trading Company, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, h/f Júpiters og h/f Marz, í máli þessu.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hafa h/f Júpiter og h/f Marz, hér í bænum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni og birtri 10. desember 1953, gegn Halldóri Kjartanssyni forstjóra f. h. Elding Trading Company, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð allt að kr. 60.100.00 auk 6% ársvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu. Til vara hefur hann mótmælt kröfum stefnenda sem of háum.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 12. júní 1950, gerði stefndi, að undangengnu samtali, framkvæmdastjóra stefnenda, Tryggva Ófeigssyni, tilboð um sölu á bylgjuðum aluminiumplötum, nr. 25, þykkt 0.019", stærð 8 fet sinnum 24", fyrir kr. 24.00 per fermetra hér á staðnum, og var innifalinn í verðinu allur kostnaður ásamt söluskatti og 5% ómakslaunum til stefnda. Jafnframt bauðst stefndi til að útvega tilheyrandi saum úr aluminium, 2" langan og 0.135" í þvermál með plastic skífu, fyrir kr. 13.75 per lbs. f.o.b. New York.

Framkvæmdastjóri stefnenda kveðst hafa svarað bréfi þessu með bréfi, dags. 21. júní 1950, og sent stefnda það með sérstöku sendimanni. Hafa stefnendur lagt fram í málinu sem dskj. 4 plagg, er þeir kveða vera endurrit af bréfi þessu. Í endurritinu er viðurkennd móttaka bréfsins frá 12. júní 1950 og jafn-

framt pantaðar 1500 bylgjaðar aluminiumplötur svo og nægjanlegt magn af aluminiumsaum í þetta plötumagn, og er pöntunin í samræmi við tilboð stefnda í fyrrgreindu bréfi hans, að öðru leyti en því, að óskað er eftir, að plöturnar séu 9 fet á lengd í stað 8 feta, þar eð við síðari athugun hafi komið í ljós, að 9 feta lengdin henti betur. Þá segir í endurritinu: „Jeg geng út frá því, að plöturnar þoli seltu og séu af svipuðum gæðum og enskar „aluminiumalloy roofing sheets“.

Forstjóri stefnda fullyrðir, að hann hafi aldrei mótttekið neitt bréf frá framkvæmdastjóra stefnenda eða stefnendum, varðandi pöntunina á aluminiuminu, og heldur því fram, að gert hafi verið út um viðskiptin munnlega. Liggur fyrir í málinu bréf frá stefnda til framkvæmdastjóra stefnenda, dags. 29. júní 1950, þar sem stefndi viðurkennir að hafa pantað fyrir hann til afgreiðslu frá Bandaríkjunum, eins fljótt og mögulegt sé, 2300 fermetra af bylgjuðum þakplötum úr aluminium, og er ekki í bréfinu vísað til neins bréfs frá framkvæmdastjóra stefnenda.

Samkvæmt endurriti af reikningi yfir vöruna, sem fyrir liggur í málinu og stílaður er á framkvæmdastjóra stefnenda, hefur varan komið hingað til lands í októbermánuði 1950, og er vörumagnið á reikningnum talið 1804 fermetrar af aluminium þakplötum og 23 kg af saum.

Meginhlutann af þakplötunum kveða stefnendur hafa verið notaðan á fiskverkunarhús, sem þeir á þessum tíma hafi átt í smíðum á Kirkjusandi, hér í bænum, og hafi þakplöturnar verið negldar niður með aluminiumsaum þeim, er plötunum hafi fylgt. Síðar hafi fljótlega tekið að bera á því, að aluminium efnið í þakplötunum hafi tærzt óeðlilega fljótt, t. d. hafi lítil útidyrarhurð, sem klædd hafi verið með efninu, verið orðin alveg ónýtt vegna tæringar eftir eitt ár og því orðið að skipta um hurð. Á árinu 1952, er um það bil tvö ár hafi verið liðin frá því efnið var lagt á þökin, hafi verið dottin göt á það af tæringu. Stefnda hafi strax verið gert viðvart, er tæringin hafi komið í ljós, og honum gefinn kostur á að fylgjast með ásigkomulagi efnisins. Jafnframt hafi margsinnis verið óskað eftir ráðleggingum frá honum um það, hvernig stöðva mætti tæringuna, en til þess hafi hann ekki kunnað nein ráð. Þegar komið hafi verið fram á árið 1952, hafi verið orðið fyrirsjáanlegt, að skipta yrði sem fyrst algerlega um efni á þakinu, þar sem það hafi þá verið farið að leka verulega. og hætta orðin á, að plötur tækj af í

stormi. Stefnda hafi verið tilkynnt um þetta og honum gefinn kostur á að taka þátt í kostnaði við viðgerð þaksins, en hann hafi algerlega hafnað því.

Að beiðni stefnenda voru tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 11. maí 1953 til þess að framkvæma mat á umræddu þakefni. Var sérstaklega óskað eftir álit matsmanna um eftirgreind atriði.

„1. Hvað veldur því, að þakplöturnar tærast og skemmast, svo sem raun ber vitni?

2. Telja matsmenn, að þakefni þetta samsvari að gæðum hinu enska aluminium þakefni, sem er sjávarmegin á þurrkhúsinu?

3. Hvern áætla matsmenn kostnað, efni og vinnu við að taka burtu hið skemmda þakefni og setja í þess stað á þakið varanlegt aluminium efni, samsvarandi að gæðum því, sem nú er sjávarmegin á húsinu“.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 31. október 1953, segir, að á suðausturhluta fiskverkunarhúss stefnenda sé þakaluminiumið mjög skemmt. Þakkjölurinn sé allur corroderaður og samskeyti öll á plötum (skörnum) sömuleiðis mikið tærð. Þá ber einnig mikið á tæringu út frá nöglum. Á norðvesturhluta byggingarinnar séu aluminiumplötur af annarri gerð, og beri lítið á tæringu í þeim. Í málinu er framkomið, að þakplöturnar á þessum hluta byggingarinnar eru ensk framleiðsla. Enn segir í matsgerðinni, að 67 plötur á austurenda byggingarinnar virðist úr sama efni og þakaluminiumið á suðausturhlutanum, enda svipað skemmdar.

Telja matsmennirnir, að á aðalpakinu séu alls skemmdar 685 stk. 9 feta plötur og á viðbyggðum skúr 6 stk. 7 feta plötur, einnig kjölur beggja húsanna. Enn fremur segir svo í matsgerðinni um frágang þaksins og skemmdir þakefnisins: „Burðarviðir þaksins á hinu umrædda húsi eru úr tré, og er að mestu klætt með timbri yfir sperrurnar.

Yfir klæðningu er lagður einfaldur tjörupappi. Yfir þenna pappa er svo hið umrædda bylgjualuminium lagt á venjulegan hátt. Neglt er með aluminiumsaum. Kjölur er úr sléttu alumíníum. Tvær tegundir af alumíníum hafa verið notaðar, eins og greint er frá í skoðunargerðunum.

Skemmdirnar á hinu umrædda aluminiumþakefni lýsa sér í því, að efnið gránar og bletthrúðrar af völdum tæringar á þeirri hlið, sem upp snýr. Á samskeytum og út frá naglagötum eru víðast dottin göt á efnið og það gegnumtært. Á þeirri hlið á

plötunum, sem niður snýr, ber minna á skemmdunum, nema á móti plötusamskeytum og þar sem alumíníumið hefur legið fast að þakinu. Á þessum stöðum er bakhlið alumíníumplantnanna einnig mjög mikið tærð. Kjölurinn er allur gegntærður.“

Til viðbótar því, sem hér að framan greinir, hefur komið fram, að tjörupappinn var negldur niður með venjulegum pappasaum svo og að á nokkru svæði á miðju þakinu beggja megin við mæninn hafi alumíníumplöturnar verið lagðar á langbönd og þar hafi ekki verið undir þeim timbur, pappklæðning eða önnur klæðning.

Við skoðun á þakinu tóku matsmennirnir sýnishorn bæði af hinum ensku og amerísku þakplötum og fengu sýnishornin efnagreind hjá Atvinnudeild háskólans.

Í niðurlagi matsgerðarinnar svara matsmennirnir spurningu matsbeiðenda, sem áður hafa verið raktar, á þessa leið:

Ad. 1. „Matsmenn telja, að hið umrædda alumíníumþakefni sé ekki úr nægjanlega hreinum málmj og ekki heldur nægjanlega meðhöndlað til þess, að það geti talizt viðrunarþolið þakefni, miðað við hérlendar aðstæður.“

Ad. 2. „Matsmenn telja, að þakefni þetta samsvari ekki að gæðum hinu „enska“ alumíníumþakefni.“

Ad. 3. „Matsmenn áætla kostnað, efni og vinnu við að taka burtu hið skemmda þakefni og setja í þess stað bylgjualumíníum af gerðinni 3S og þykktinni nr. 24 kr. 50.100.00.“

Báðir matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Þar gerðu þeir grein fyrir því og sundurliðuðu, hvernig þeir hefðu fengið út fjárhæðina undir 3. lið, og jafnframt komu þeir fram með ýmsar upplýsingar, varðandi efni matsgerðarinnar. Fyrir dóminum kom í ljós, að aðeins annar matsmaðurinn hefði unnið þann hluta matsgerðarinnar, er fjallar um tæknileg atriði, en báðir voru matsmennirnir sammála um framangreindar niðurstöður hennar.

Auk kostnaðarins við viðgerð á þakinu kveðast stefnendur einnig hafa orðið fyrir öðru tjóni. Vegna tæringar á hinum amerísku alumíníumþakplötum hafi fiskverkunarhús þeirra tekið að leka verulega, og við það hafi fiskur í húsinu skemmt og það þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafi verið til þess að koma í veg fyrir slíkar skemmdir svo sem með yfirbreiðslum, þegar því hafi orðið við komið. Aukin vinna og yfirhöfn af þessum sökum hafi valdið kostnaði auk tjóns, er af

Því hafi hlotizt, að fiskur hafi skemmmzt og við það lækkað í verði. Áætla stefnendurnir tjón sitt af þessum sökum kr. 10.000.00, og nema framangreindar fjárhæðir samtals hinni umstefndu kröfu. Kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda vegna umræddra viðskipta reisa stefnendur í fyrsta lagi á því, að í bréfi því til stefnda, sem dskj. 4 sé endurrit af, hafi verið sett ákveðin skilyrði um gæði þakaluminíumsins, þau, að plöturnar þyldu seltu og væru af svipuðum gæðum og enskar „aluminium-alloy roofing sheets“. Stefnda hafi því og þar sem hann hafi vitað til hvers átti að nota plöturnar, borið að gæta þess sérstaklega að þanta þannig efni, að öruggt væri að það þyldi hið saltmettaða loft, sem um það hlaut að leika. Ljóst sé, að stefndi hafi ekki gætt þess, þar sem þakefnið hafi verið orðið ónýtt vegna tæringar, rúmum tveimur árum eftir að það var notað. Beri stefndi því fébótaábyrgð á tjóni, sem af þessu hafi hlotizt.

Í öðru lagi reisa stefnendur kröfur sínar á hendur stefnda á ákvæðum 42. og 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922. Stefndi hafi mátt vita, þegar kaupin gerðust, jafnvel þó að hann hefði ekki fengið í hendur bréfið, sem dskj. 4 sé endurrit af, að kaupandi hafi ætlað til, að þakefnið þyldi loftslagið hér á landi, en sú hafi ekki orðið raunin á.

Stefndi reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að stefnendur séu ekki réttir aðiljar málsins. Hann hafi engin viðskipti átt við þá, heldur við framkvæmdastjóra þeirra, Tryggva Ófeigsson, persónulega.

Þá mótmælir lögmaður stefnda því í greinargerð sem ósönnuðu, að efni það, sem stefndi hafi selt Tryggva Ófeigssyni, sé hið sama efni, sem um hafi verið kvartað í þessu máli, að skemmmzt hafi og sýnt hafi verið matsmönnum.

Í þriðja lagi fullyrðir stefndi, svo sem áður er fram komið, að hann hafi aldrei móttekið bréf það, sem dskj. 4 á að vera endurrit af, og hafi hann því enga vitneskju fengið um skilyrði þau, sem stefnendur telja, að sett hafi verið í bréfinu um gæði þakefnisins. Þá mótmælir stefndi því, að með öðrum hætti hafi verið tilskilið, að þakefnið væri af svipuðum gæðum og enskar „aluminium-alloy roofing sheets“. Enn fremur neitar stefndi því ákveðið, að hann hafi ábyrgzt, að þakefnið þyldi seltu eða yfirleitt tekið nokkra ábyrgð á gæðum efnisins.

Enn ber stefndi það fyrir sig, að tæringu þakefnisins megi rekja til umbúnaðar þess á þakinu, sérstaklega að því leyti, að

það hafi komizt í snertingu við tjörupappann og sauminn, sem hann var negldur niður með, en hann hafi verið úr járn.

Loks heldur stefndi því fram, að fyrst með bréfi, dags. 30. desember 1952, er honum hafi borizt í hendur í byrjun ársins 1953, hafi verið kvartað yfir því við hann, að hið selda alumini- um hafi verið gallað. Hafi þá verið liðin rösk tvö ár, frá því viðskiptin fóru fram. Telur stefndi því, að eftir ákvæðum 51., 52. og 54. gr. lausafjárkaupalaganna hafi verið kvartað svo seint, að réttur til að bera fyrir sig galla á þakefninu, ef um þá hefði verið að ræða, hafi verið fallinn niður, er kvartað var.

Að því er varðar þá sýknuástæðu stefnda, að stefnendur séu ekki réttir aðiljar málsins, þá er það að vísu svo, að framkvæmdastjóri stefnenda, Tryggvi Ófeigsson, samdi um alumini- umviðskiptin við forstjóra stefnda, og ekki er í ljós leitt, að framkvæmdastjórinn hafi sérstaklega vakið athygli viðsemjanda síns á því, að hann við kaupin kæmi fram fyrir hönd stefnenda. Hins vegar hefur forstjóri stefnda skýrt svo frá fyrir dómi, að honum muni, er kaupin gerðust, hafa verið kunnugt um, að Tryggvi Ófeigsson væri viðriðinn h/f Júpiter og h/f Marz, og á það hafi verið minnzt, að nota ætti alumíniumið á fiskverk- unarhús og geymsluhús. Þá minnir forstjórann, að leyfið, sem alumíniumið var flutt inn eftir, hafi verið á nafn fyrirtækis hans vegna ýmissa aðilja, er munu eingöngu hafa verið útgerð- arfyrirtæki. Þrátt fyrir tilmæli dómsins hefur eigi verið unnt að afla endurrits af innflutningsleyfinu eða pöntun stefnda á umræddu þakefni.

Svo sem hér á eftir verður rakið, verður að telja vafalaust, að umrætt alumíniumþakefni hafi verið notað á hluta af þaki fiskþurrkunarhúss stefnenda á Kirkjusandi, og samkvæmt endur- ritum af fjórum bréfum til stefnda, þar sem kvartað er yfir göll- um á þakefninu, hafa þrjú bréfanna verið undirrituð vegna h/f Júpiters, en eitt vegna beggja stefnenda. Þá eru þrjú svarbréf frá stefnda við bréfum þessum stíluð á h/f Júpiter, og í bréfun- um er því ekki hreyft, að hann sé ekki réttur aðili að því að hafa uppi kvartanir um galla á þakefninu.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, verður að telja stefnendur rétta aðilja að málssókn þessari, og hefur þá umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Svo sem áður segir, hefur lögmaður stefnda í greinargerð mótmælt því sem ósönnuðu, að alumíniumþakefni það, sem

keypt var af stefnda, sé hið sama og notað hafi verið á fiskþurrkunarhús stefnenda. Forstjóri stefnda hefur hvorki í aðilja-skýrslu, sem fram hefur verið lögð í málinu, fyrrgreindum bréf-um sínum eða fyrir dómi hreyft þessari varnarástæðu. Þá hefur hann fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi líklega í febrúar-mánuði 1953 farið með Tryggva Ófeigssyni inn á Kirkjusand vegna framkominna kvartana um galla á þakefninu. Hafi hann þá séð um einn þriðja hluta þakefnisins ónotaðan í geymslu þar inn frá. Eftir þessa för hreyfði forstjórinn engum athuga-semndum í þá átt, að þakefni það, sem keypt hafði verið hjá fyrirtæki hans, hefði ekki verið notað á fiskverkunarhús stefn-anda. Í málinu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að keypt hafi verið alumíníumþakefni annars staðar en hjá stefnda á þeim tíma, er hér skiptir máli, til notkunar á þak umrædds fiskverkunarhúss.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, verður að telja tvímælalaust, að alumíníumþakefni það, sem keypt var af stefnda, hafi verið notað á hluta af þaki fiskverkunarhúss stefnenda, eins og þeir halda fram.

Í málinu kemur fram, að umrætt alumíníumþakefni var selt undir vörumerkinu Life Time Corrugated Aluminium Roofing, en um sérstakt tegundarheiti þess er ekki upplýst.

Það verður að teljast fyllilega sannað með framangreindri matsgerð, að þakefnið hafi verið haldið verulegum göllum, þar sem það hafði tærzt svo á þriðja ári, eftir að það var tekið í notkun, að það var orðið ónothæft sem þakklæðning.

Það verður að teljast nægilega sannað, að bréf samhljóða dskj. 4 hafi verið ritað á skrifstofu stefnenda í því skyni að boðsenda það til stefnda. Eitt vitni hefur borið það, að það hafi fyrir hádegi sama daginn og bréfið var skrifað farið með frumrit þess á skrifstofu stefnda og afhent forstjóra stefnda það. Fyrir dómi lýsti vitni þetta húsbúnaði í skrifstofu þeirri, sem það kveður sig hafa farið með bréfið í, öðruvísi en hann var á skrifstofu stefnda á þeim tíma. Vitnið þekkti þá ekki forstjóra stefnda persónulega. Vitnið var á þessum tíma og er enn starfsmaður stefnenda; og hefur vætti þess verið mótmælt sem vilhøllu og röngu. Er því gegn ákveðnum mótmælum forstjóra stefnda ekki nægilega sannað, að hann hafi nokkru sinni fengið frumrit umrædds bréfs í hendur. Þá er og allsendis ósann- að gegn mótmælum hans, að sett hafi verið sérstök skilyrði af hálfu kaupenda um gæði alumíníumþakefnisins, þegar kaupin

gerðust. Eigi að síður verður að telja, að forstjóra stefnda hafi mátt og átt að vera ljóst, að það væri veruleg forsenda fyrir kaupum þakefnisins af hálfu kaupenda, að það þyldi loftslagið hér á landi og entist nokkuð til frambúðar, en sú varð eigi raunin á, eftir því sem áður er fram komið. Hefur því stefndi með sölu hins gallaða þakefnis bakað sér fébótaskyldu gagnvart stefnendum, sbr. ákvæði 42. og 43. gr. lausafjárkaupalaganna, en í þessu sambandi athugast, að það er álit hinna vörufróðu samdómenda, að skemmdirnar á þakefninu megi að einhverju leyti rekja til umbúnaðar þess á þakinu, og takmarkast því fébótaábyrgð stefnda sem því svarar.

Er þá komið að þeirri varnarástæðu stefnda, að stefnendur hafi firrt sig rétti til fébóta með því að kvarta of seint við hann út af göllunum.

Eins og áður er sagt, kveða stefnendur, að fljótlega hafi tekið að bera á því, að alumíníumefnið tærðist óeðlilega fljótt, t. d. hafi lítil útidyrhurð, sem klædd hafi verið með efninu, verið orðin algerlega ónýtt vegna tæringar á því eftir eitt ár. Er stefnendur höfðu orðið þessa varir, var sérstök ástæða til þess fyrir þá að athuga, hvernig efnið á þakinu hefðist við. Áður er sagt, að þakefnið hafi komið hingað til lands í októbermánuði 1950, og mun það hafa verið tekið í notkun um svipað leyti eða litlu síðar. Eftir staðhæfingum stefnenda hefur því umrædd hurð verið orðin ónýtt vegna tæringar fyrir áramótin 1951—1952. Nú er það algerlega ósannað í málinu, að kvartað hafi verið við stefnda út af göllum á þakefninu fyrr en rúmu ári síðar eða með bréfi, dags. 30. desember 1952. Það verður því að telja, að stefnendur hafi ekki kvartað yfir göllunum á þakefninu án ástæðulauss dráttar, og geta þeir því eigi nú borið það fyrir sig og krafizt fébóta fyrir, að þakefninu hafi verið áfátt, sbr. ákvæði 1. mgr. 52. gr. lausafjárkaupalaganna. Ber á þessum grundvelli að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum dr. Jóni E. Vestdal og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Halldór Kjartansson f. h. Elding Trading Company, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, h/f Júpiters og h/f Marz, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.